



Alþingi, nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Ísafjörður, 11. október 2018

Efni: Umsögn Innheimtustofnunar sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018, um persónvuernd og vinnslu persónuupplýsinga, 77. mál, þskj. 77

Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur mótttekið erindi nefndarinnar þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp. Vegna þessa óskar stofnunin eftir að koma eftirfarandi athugasemdum að.

Í 1. gr. frumvarpsins er almennt fjallað um það hvaða upplýsingar stofnunin vinnur með. Er ákvæðið að mati stofnunarinnar heppilegt til að mögulegt sé að átta sig á hvaða upplýsingar stofnunin á að vinna með og hefur heimildir til. Stofnunin gerir því ekki frekari athugasemdir við 1. gr. frumvarpsins.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna heimildarákvæði fyrir stofnunina til að óska eftir upplýsingum sem teljast nauðsynlegar til að framfylgja lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Segir í ákvæðinu að skattfyrvöld, Vinnumálastofnun, Þjóðskrá Íslands, Fangelsismálastofnun, sveitarfélög, launagreiðendur og Lánasjóður íslenskra námsmanna skuli láta Innheimtustofnun sveitarfélaga í té upplýsingar með rafrænum hætti, ef því verður við komið, að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að unnt sé að framfylgja lögum þessum.

Að mati stofnunarinnar er um að ræða sambærilegt ákvæði og gildir til dæmis um upplýsingaöflun Tryggingastofnunar ríkisins sem greiðir út meðlög. Í 43. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100 frá 2007 segir eftirfarandi: „Skattfyrvöld, Vinnumálastofnun, Þjóðskrá Íslands, Innheimtustofnun sveitarfélaga, Fangelsismálastofnun, Útlendingastofnun, ríkislögreglustjóri, Samgöngustofa, lífeyrissjóðir, sjúkrastofnanir, dvalar- og hjúkrunarheimili, sveitarfélög, Lánasjóður íslenskra námsmanna, viðurkenndar menntastofnanir innan hins almenna menntakerfis og skólar á háskólastigi skulu láta Tryggingastofnun í té upplýsingar með rafrænum hætti eða á annan hátt að því marki sem slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að unnt sé að framfylgja lögum þessum.“

Að mati Innheimtustofnunar sveitarfélaga verður ekki séð annað en að um sambærilegt ákvæði sé að ræða. Raunar gengur það ákvæði, í lögum um almannatryggingar, lengra með hliðsjón af 44. gr. sömu laga en þar kemur fram að upplýsingar sem Tryggingastofnun óskar eftir og unnt er að láta í té skulu veittar án endurgjalds, þó með undantekningu um þjóðskrá og almannaskráningu.

Í umræddri grein, sem og 43. gr. laga um almannaskráningu, kemur fram að upplýsingaöflunin sé eingöngu heimil að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að framfylgja viðkomandi lögum. Innheimtustofnun sveitarfélaga hefur verið starfrækt í hartnær 46 ár og aldrei innheimt annað en meðlög



þrátt fyrir heimild til annarrar innheimtu í lögnum. Vilji löggjafinn skilyrða umrædda upplýsingaöflun við innheimtu meðlaga þá sér stofnunin ekkert því til fyrirstöðu.

Með hliðsjón af fyrrgreindu er tillaga stofnunarinnar að 2. gr. frumvarpsins muni hljóða svo:

9. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Skattyfirvöld, Vinnumálastofnun, Þjóðskrá Íslands, Fangelsismálastofnun, sveitarfélög, launagreiðendur og Lánasjóður íslenskra námsmanna skulu láta Innheimtustofnun sveitarfélaga í té upplýsingar, **vegna innheimtu meðlaga**, með rafrænum hætti, ef því verður við komið, að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að unnt sé að framfylgja lögum þessum.

Innheimtustofnun sveitarfélaga telur rétt að nefndin skoði hvort rétt sé að hafa sambærilegt ákvæði og er í lögnum um almannatryggingar um endurgjaldslausan aðgang að upplýsingum en að mati stofnunarinnar er þar um réttlætismál fyrir sveitarfélögin að þau sitji við sama borð og ríkið varðandi endurgjaldslausan aðgang að gögnum.

Innheimtustofnun sveitarfélaga óskar eftir því að koma á framfæri athugasemdum á síðari stigum gerist þess þörf og er á sama hátt reiðubúin að gera frekari grein fyrir umræddum athugasemdum ef þörf krefur.

Fyrir hönd Innheimtustofnunar sveitarfélaga,

Bragi Ólafur Axelsson, hdl.

bragi@ihs.is